

Svar

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um aflaheimildir utan höfuðborgarsvæðisins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu stór hluti aflaheimilda er skráður á skip utan Reykjavíkur- og Suðvesturkjördæma? Svar óskast sundurliðað eftir úthlutuðum kvótabundnum tegundum.

Eftirfarandi tafla sýnir heildaraflahlutdeild fiskiskipa eftir fisktegundum utan Reykjavíkur- og Suðvesturkjördæma hinn 26. maí 2009 sem hlutfall af hundraði:

Fisktegund	Hlutfall (%)	Fisktegund	Hlutfall (%)
Þorskur	90,28	Kolmunni	93,02
Ýsa	90,23	Norsk-íslensk síld	95,30
Ufsi	76,02	Humar	98,48
Karfi	60,57	Úthafsækja	96,23
Langa	89,29	Flæmingjarækja	97,49
Keila	88,57	Þorskur – NL	66,25
Steinbítur	89,83	Þorskur – RU	66,25
Úthafskarfi utan	70,28	Arnarfjarðarrækja	100,00
Skötuselur	92,91	Húnaflóarækja	100,00
Grálúða	67,22	Rækja í Djúpi	100,00
Skarkoli	85,36	Skagafjarðarrækja	100,00
Þykkvalúra	83,89	Öxarfjarðarrækja	100,00
Langlúra	95,67	Rækja í Skjálfanda	100,00
Sandkoli	86,49	Rækja í Breiðafirði	100,00
Skrápflúra	93,27	Arnarfjarðarskel	100,00
Síld	96,30	Breiðafjarðarskel	100,00
Loðna	93,77	Húnaflóaskel	100,00
		Skel í Djúpi	100,00
		Skel í Hvalfirði	100,00
		Eldeyjarækja	100,00